

Fundargerð

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps nr. 2

Fundarstaður:	Flóaskóli
Fundardagur:	mánudagur 08.06.2020
Fundartími:	10:00 – 11:30
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Heimir Rafn Bjarkason Stefán Geirsson Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna Eyþór Sigurðsson, Verkís Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdir við varmadæluvæðingu í Flóaskóla

Eyþór Sigursson fór yfir tilboð í helstu kostnaðarliði vegna varmadæluvæðingar í Flóaskóla. Fyrir liggur að kostnaður við borun og kaup á dælum er 4 milljónum kr. hærrí en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætlun. Fyrir liggur einnig að Orkusjóður styrkir framkvæmdirnar um 5 milljónir króna.

Rætt um fyrirkomulag framkvæmdarinnar og hvort betra sé að bora fyrir búnaði fjórar 7 5/8“ holur, eða leggja lagnir í jörðina til þess að safna varma. Eyþóri falið að skila kostnaðaráætlun vegna lagningar á varmasöfnunarlægnum á lóð skólans.

Hægt er að ganga frá lögnum án þess að rýra íþróttasvæðið nokkuð en líklega þarf að þökuleggja lagnaleiðina. Sveitarstjóra falið að hafa samráð við formann Þjótanda.

2. Vatnsveita Flóahrepps:

Oddviti og sveitarstjóri funduðu með Vegagerðinni vegna lagnar með Suðurlandsvegi.

Framkvæmdir vegna 2 + 1 vegar eru fyrirhugaðar á næstu árum auk hliðavega vegna heimreiða. Allur kostnaður vegna breytinga á lögnum með Suðurlandsvegi lenda á eiganda veitunnar. Betra væri því að leita leiða til þess að ná samningum við landeigendur norðan vegar Miklholtshelli, Hjálmholti og Bitru um lagnaleið utan vegsvæðis Suðurlandsvegar.. Kalla þarf eftir nýjustu uppfærslu af lagnakerfi veitunnar frá UTU. Eyþór tekur það að sér. Ekki verður hægt að fá keypt meira vatn frá Árborg heldur en tiltekið er í samningi, Áborgar, Flóahrepps og LV.

Í skoðun er að sækja vatn fyrir UTU sveitarfélögin í Árnessýslu úr lindum í Haukadal/Tungufljótsmörkum. Flóahreppur hefur tekið þátt í viðræðum um þetta verkefni. Kanna þyrfti möguleika sveitarfélagsins til þess að tengja varaafstöðvar við dælubúnað veitunnar.

Rætt um frekari verkefni og nauðsyn þess að fá heildaryfirsýn yfir stöðu vatnsveitunnar og bera saman við skipulagsgögn. Ástæða er til þess að setja í forgang að kaupa varaafstöðvar fyrir dælur veitunnar.

3. Aðrar framkvæmdir:

Umsjónarmaður fasteigna fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á leikskólalóð. Lagfæringar á hól, nýjar rólur, og lagfæringar á palli. Fyrir liggja tilboð frá Jóhanni Helga og co. Verktakar eru að vinna að þéttingu kanta með gluggum í Flóaskóla, einnig þarf að lagfæra glugga í Félagslundu og Þingborg. Vinna við Laxastofu hefst í vikunni.

Farið í vettvangsskoðun í elsta hluta Flóaskóla sem hefur verið lokaður síðan á síðasta ári og staðan metin og að lokum í Þjórsárver.

4. Næsti fundur:

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn um mánaðarmótin júní/júlí.